

8. gr.

1. mgr. 39. gr. orðist svo:

Einkaleyfastofan getur krafist þess að þýðing sú sem nefnd er í 31. gr. ell. á lýsingu, einkaleyfiskröfum og ágrípi skuli vera staðfest, sbr. 3. gr. rg. ell.

9. gr.

1. ml. 6. tl. 1. mgr. 42. gr.

Í fylgiskjöl er lögð voru fram í upphafi vantar lýsingu, einkaleyfiskröfur eða ágríp, ellegar þýðing á þessum skjölum hefur ekki verið lögð fram á tilskildum tíma, sbr. 3. gr. rg. ell.

10. gr.

Við 4. reglu í viðauka 1 bætist við ný málsgrein sem orðist svo:

Vegna frekari rannsókna í Danmörku getur einkaleyfastofan krafist þýðingar á öðrum gögnum (s.s. breyttri lýsingu og einkaleyfiskröfum eða mótrökum umsækjanda) á dönsku, norsku, sænsku eða ensku.

III. KAFLI

Gildistaka.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 17/1991 með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 1996.

Lönaðarráðuneytið, 22. desember 1995.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu í heildsölu og smásölu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

Heildsala.

2. gr.

Fast gjald Akraness er 72.700.000,00 kr. á ári og fast gjald Borgarbyggðar er 28.600.000,00 kr. á ári.

3. gr.

Breytilegt gjald er 21,70 kr. á rúmmetra. Gjaldið leiðréttist miðað við mælt hitastig, sbr. 17. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

Smásala.

4. gr.

Fast gjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fasta gjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamat. Flatarmál bifreiðageymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Fast gjald á mánuði = $F \times 11,30 \text{ kr/m}^2$, ef F er minna en eða jafnt 130 m^2 .

Fast gjald á mánuði = $1463 \text{ kr.} + (F-130) \times 6,80 \text{ kr/m}^2$, ef F er stærra en 130 .

5. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- Beir, sem greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: 85,00 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Beir, sem ekki greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: 113,70 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

6. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða mánaðarlega:

Fyrir mæla með nafnrennsli undir $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 260 kr/mán.

Fyrir mæla með nafnrennsli yfir $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 465 kr/mán.

7. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. 21. gr. reglugerðar HAB, skal greiða gjald 3.020 kr. Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða 775 kr.

8. gr.

Stofngjöld skal greiða miðað við rúmmál alls húsrýmis á lóð, skv. fasteignamati. Heimilt er að undanskilja sérstakar úpphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m að lengd innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

<i>Stærð húss</i>	<i>Stofngjald</i>
allt að 250 m^3	67.980 kr.
$251-500 \text{ m}^3$	67.980 kr. + $162,20 \text{ kr/m}^3$ yfir 250 m^3
$501-1500 \text{ m}^3$	108.530 kr. + $95,00 \text{ kr/m}^3$ yfir 500 m^3
$1501-6000 \text{ m}^3$	203.530 kr. + $61,00 \text{ kr/m}^3$ yfir 1500 m^3
yfir 6000 m^3	478.030 kr. + $48,00 \text{ kr/m}^3$ yfir 6000 m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera 51.230 kr. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagjald. Mælagrindargjald er 15.500 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar, á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka er 3.100 kr/m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveitan heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

9. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í desembermánuði 1995 205,1 stig.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 317 28. ágúst 1992 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 22. desember 1995.

F. h. r.
Porkell Helgason.

Steinunn Bjarman.